

Stjórnarfundur U.M.S.B. 11 sept. 2013 haldinn á Varmalandi kl. 20.00

Mættir: Sigurður, Ásgeir, Aðalsteinn, Kristín og Pálmi framkvæmdastjóri. Þórhildur boðaði forföll.

Sigurður setur fund og Kristín ritar fundargerð.

1. Pálmi - Samingur Dansíþróttafélagsins og Dansskóla Evu Karenar kynntur og aðkoma UMSB að þeim málum sem sáttasemjari. Borgarbyggð hefur samþykkt að kjallarinn í Hjálmakletti falli undir íþróttamannvirki sem UMSB úthluti tímum í. Samningurinn er samþykktur en óundirritaður í augnablikinu.
2. Unglingalandsmót 2016. Vilji til að skipa undirbúningsnefnd með BB. Við tilnefnum Pálma, Hrönn og einhvern sem var í ULM nefndinni síðast, BB getur tilnefnt 1 - 2 fulltrúa. Stefnt að kynningu á starfi nefndarinnar á sambandsþingi í vor. Samþykkt að senda BB bréf þar sem þeim er þökkun að koman að umsókninni og beiðni um að skipa fulltrúa í téða nefnd.
3. Beiðni liggur fyrir um stuðning við þjálfaranáskeið í knattspyrnu. Við höfum ekki fjárráð til þess en heitum stuðningi við styrkumsóknir og annað þ.h. því það sé fyrst og fremst okkar hlutverk.
4. U.M.F.Í þing 12.- 13 okt. nk í Stykkishólmi. Við eigum rétt á 5 fulltrúum, Ásgeir, Pálmi, og Hrönn vilja fara(Þórhildur þarf að svara) Reyna að fá Kristmar eða Sólrúnu Bjarnad.
5. Komandi verkefni.
Heilsuvika 7 – 13 okt. nk. Pálmi er að setja það verkefni upp og hefur ýmsar skemmtilegar hugmyndir, ss. bíllaus dagur, reiðhjól sem fararmáti, blóðþrýstingsmælingar og næringarráðgjöf, Allar hugmyndir vel þegnar.
Nefnd um Fyrirmyndarsamband hefur hafið störf og þar er Pálmi fulltrúi okkar en aðrir sem koma þar inn eru HSV, UÍA, UÍF, UMSE..
Húsnæðismá I. Vilji til að óska eftir u.þ.b. 100 – 150 fm húsnæði við íþróttavöllinn sem gæti hýst skrifstofu U.M.S.B. og e.t.v. fleiri félaga innan sambandsins ef áhugi er fyrir því, lítinn fundarsal, afdrep fyrir íþróttafólk og krakkana sem þurfa að bíða milli æfinga, e.t.v. borðtennisborð. Samþykkt að senda BB formlegt bréf þar sem þessi ósk kemur fram.
Bráðlega fer fram kynning á skýrslu um þátttöku barna í íþróttum í BB. Pálmi fer þangað og Aðalsteinn og Kristín lýstu áhuga á að vita af því.
6. **Formannafundur.** Óskað er eftir tilnefningum frá aðildarfélögum um aðila í valnefnd sem verður kosið um á formannafundinum (stjórnarfolk UMSB er ekki gjaldgengt í valnefndina). Stjórn UMSB tilnefnir einn aðila (ekki úr stjórn) og óskar eftir að Borgarbyggð tilnefni sinn fulltrúa tímanlega. Fá tilnefningar frá félögunum í þessa nefnd fyrir fundinn sem er fyrirhugaður 23. okt og skorað á UMF. Björn Hítðælakappa að halda hann(tala við þá). Fyrir formannafund þurfa félögin líka að senda inn hugmyndir sínar að forgangsröðun á uppbyggingu íþróttamannvirkja á sínu svæði.
ULM.2016 þarf að ræða og hver níg félögin sjá nálgunina við það.
Kynna fyrirmyndarfélagið og hvetja félögin til að hefja undirbúning að því.
7. Sameiginlegir gallar fyrir öll félögin á sambandssvæðinu er hugmynd frá Skallagrími, þeir væru einhvernvegin bláir með merki hvers félags að ósk og minna merki UMSB og þetta væri lína sem allar íþróttir gætu gengið inni og væri einfalt og þægilegt, utanyfir gallar sem og keppnisföt. Reyna að fá einhvern frá Skallagrími til að kynna þessa hugmynd á formannafundi.

8. Umsóknir í sjóði UMFÍ . Lesið bréf frá Hyrti Þórarinssyni um Húsafellsmótin og nausyn þess að safna saman upplýsingum um þær samkomur og aðkomu UMSB að þeim. Einnig að finna út úr fundargerðum hvernig á að fara með 100 ára sögu sambandsins, en á sl. sambandsþingi var samþykkt að halda úti heimasíðu fyrir þá sögu og einhverjir voru nefndir í vor sem e.t.v. væri hægt að plaðta til að skanna inn myndir og fl. þ.h. Samþykkt að sækja um styrki til að rita sögu Húsafellsmótanna og að koma 100 ára sögunni á heimasíðu.
9. Næsti stjórnarfundur 1. október kl 20.00 í Borgarnesi.
10. Ýmis mál.

Pálmi fær heimild til að kaupa nýjan síma á skrifstofuna.

Nettó gaf UMSB í vor 30000 kr gjafakort sem Ásgeir býðst til að kaupa – samþykkt.

Aðalsteinn spyr um afgreiðslu umsóknanna í afreksmannasjóðinn frá síðasta fundi , hann fær svör við því.

Hann kvartar fyrir hönd félaganna á lélegri kynningu á framkvæmdastjórnarskiptunum og það talið alveg réttmætt í amstri daganna gekk það hratt fyrir sig og slíkt gleymdist og biðst stjórn velvirðingar á því. Pálmi ætlar að bjóðast til að koma á fundi í félögunum og kynna sig og hvað UMSB er að brasa.

Stjórn samþykkir að senda Hrönn fráfarandi sambandsstj bréf með þökkum fyrir vel unnin störf.

Opnunartími skrifstofu, Pálmi setti upp að skrifstofan væri opin fyrir hádegi 4 daga í viku , lítilsháttar rætt hvort ekki væri rétt að hafa opið eitt síðdegi .

Pálmi fær aðgengi að reikningum sambandsins.

Aðalsteinn ítrekar að dagskrá stjórnarfunda og fundargerðir komi tímanlega fyrir næsta fund og þau gögn sem um á að fjalla ef einhver eru. Pálmi settur í málið.